

Titill: Fornbókmenntir (Íslenska 3)

Lýsing

Viðfangsefni áfangans eru íslenskar fornbókmenntir frá upphafi til siðbreytingar. *Brennu-Njáls saga* er lesin í heild sinni og valin dæmi annarra fornbókmennta. Lesin eru nokkur eddukvæði í heild auk annars forns kveðskapar. Lögð er áhersla á að setja verkin í menningarsögulegt samhengi sem og að fjalla um gildi þeirra fyrir nútímafólk. Einnig eru lesnar og greindar nútímabókmenntir sem tengjast fornbókmenntunum sem lesnar eru. Nemendur fá þjálfun í að lesa fræðilegt efni og nýta heimildir á faglegan hátt í ritgerðarskrifum. Nemendur fá þjálfun í að setja fram skoðanir sínar á fornbókmenntum og gildi þeirra á gagnrýninn og skapandi hátt, bæði munnlega og skriflega.

Forkröfur: ÍSLE2BB05 eða ÍSLE2AB10.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Formlegum og efnislegum einkennum eddukvæða.
- Formlegum og efnislegum einkennum Íslendingasagna.
- Öðrum fornbókmenntum, bæði í lausu máli og bundnu.
- Uppbyggingu samfélags fornbókmenntanna; stéttaskiptingu og stöðu kynjanna.
- Orðaforða sem nýtist við lestur fornra bókmennta.
- Notkun heimilda við eigin ritgerðarsmið og heiðarlegum vinnubrögðum í tengslum við slíka vinnu.

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Skrifa og ganga frá ritgerð þar sem unnið er með heimildir á gagnrýninn og heiðarlegan hátt.
- Skilja og nota menningarlegar vísanir.
- Átta sig á fjölbreytni fornbókmennta.
- Tjá sig munnlega um flókin málefni sem tengjast efni áfangans.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Setja ólíka texta frá miðöldum í sögulegt samhengi og geta lagt sjálfstætt mat á gildi þeirra í samtímanum.
- Átta sig á gildi fornbókmennta fyrir Íslendinga sem þjóð og heiminn allan.
- Miðla til annarra hugmyndum sínum um gildi textanna fyrir nútímafólk.
- Bera saman á gagnrýninn hátt samfélagsmynd fornbókmennta og nútímamann með tilliti til valdabaráttu og stöðu kynjanna.

Námsmat

- Námsmat byggir á fjölbreyttri verkefnavinnu munnlegri og skriflegri, ritgerð og lokaprófi. Notaðar eru margs konar matsaðferðir.